

Gullmaður

„Nýr húmanismi"

Sýning Einars Hákonarsonar að Kjarvalstöðum

Í inngangsorðum sem Björn Th. Björnsson ritar að sýningu Einars Hákonarsonar lýsir hann m.a. þeirri skoðun sinni að sér kæmi ekki á óvart ef síðar meir verði tímar okkar auðkenndir sem upphaf nýs húmanisma, umhverfisvitundar og vitundar um nauðsyn nýrrar stöðu mannsins í heimi sínum. Í sliku ljósi vill Björn Th. Björnsson sjá þessa sýningu.

Það er ef til vill einmitt áhugavert að skoða sýningu Einars út frá þessum forsendum. Einar hefur dregið saman verk hér sem spanna yfir tímabilið 1970-76 svo það gefst nokkuð góður kostur að gera sér grein fyrir megininntaki listar hans.

Með vissri alhæfingu má segja að myndir hans skiptist í tvö horn. Annars vegar eru verk þar sem umfjöllun um tilfinningalega stöðu manneskjunnar og tilvist hennar er miðpunkturinn og hins vegar verk þar sem hinu sálræna inntaki sleppir og formin hafa óhlutlægari og almennari merkingu. Í einu elsta verkinu hér á sýningunni, „Gullmaður" frá 1971, er fjallað um tilfinningalega afstöðu mannfólksins bæði sín á milli og til umhverfisins.




Á ferðalagi í Kaliforníu

Myndrýmið er hér skýrt og afmarkað og línan dregur á ljósan hátt fram hvern þátt myndefnisins. Manneskjan er hér afhjúpuð í tilfinningalegum vanmætti sínum, einangrun og firringu, mannlíf í tilfinningalegu tómarúmi. Í meðferð þessa myndefnis sem hann tekur fyrir í mörgum verkum, mannleg tengsl og ytra umhverfi beitir hann formgerð af ýmsum toga. Myndrýmið er ýmist vel skilgreint ellegar brotið upp á margvíslegan máta og flóknar rýmisverkanir skapaðar, sem gjarna einkennast af snöggri harðri hrynjandi. Manneskjan er ýmist felld inn í eitt óbrotið form á fletinum eða klofið niður í smærri einingar, sem listamaðurinn dregur fram og einangrar og fellir inn í umlykjandi grind. Liturinn er hér ýmist afmarkaður af heilli og óbrotinni útlínu, ellegar flæðir fram af expressjónískum krafti *og magnar og eykur á hið sálræna* og tilfinningalega inntak.



ÓLAFUR KVARAN SKRIFAR UM MYNDLIST




Þú átt leik


Óhlutlægari verk

En umfjöllunin um mannlega tilvist er aðeins einn þátturinn í verkum Einars. Í mörgum þeim myndum þar sem form manneskjunnar er klofið niður í margvíslegum rýmisverkunum í nábýli við óhlutlæg form, þá verða þau sneydd hinu sálræna inntaki. Hér er ekki minnst á hina ógnandi alvöru, heldur fá formin almennari og óhlutlægari merkingu. Í þessum myndum vex því fram nýtt gildi þar sem klasar af lífrænum og óhlutlægum formum í agaðri formgerð skapa nýjan veruleika á sínum eigin forsendum. Samt er því ekki að neita að í nokkrum þeim verkum þar sem hin almennari merking formanna hefur tekið yfirhöndina, þá gætir nokkuð formrænnar ofhleðslu þegar form af ýmsum toga eru notuð til ifyllingar og af nokkru handahófi. En þegar á heildina er litið eru þetta undantekningar, því yfirleitt tekst höfundi að virkja formgerð sína af hnitmiðun, hvort sem það er mannleg tilvist eða óhlutlægari veruleiki sem verður inntak verkanna.

Ólafur Kvaran



Ísaland



Magnús Árnason að Kjarvalstöðum

Í austursal Kjarvalsstaða hefur *Magnús Árnason dregið saman* sýningu á olíuverkum höggmyndum og teikningum frá tímabilinu 1917-1976. Samt sem áður ber vart að skoða þessa sýningu sem yfirlitssýningu um feril hans þar sem hér er um mjög takmarkað úrval verka að ræða, sem gefur tæplega raunhæfa mynd af starfi hans sem myndlistarmanns.

Hefðbundinn naturalismi

Fyrirferðarmesti hluti sýningarinnar eru olíumálverkin, alls 77 að tölu, og myndefnið er undantekningalítið í sömu veru, landslag víðsvegar af landinu. Þó margir áratugir séu á milli elstu og yngstu verkanna, þá hefur tjáningarmáti hans tekið furðu litlum breytingum gegnum árin. Hefðbundinn naturalismi setur meginsvip á myndgerð hans og Magnús hefur dyggilega leitt hjá sér allar hræringar í nútímalistinni.

Ef af myndefnum hans má ráða, hefur Magnús víða stungið *niður trönum sínum um ævina* og víða ratað á sérkennileg myndefni í íslenskri náttúru. Myndheiti eins og „Frá Skaftafelli", „Frá Húsafelli", „Frá Þórsmörk", „Frá Þingvöllum" segja sína sögu.

Myndsýn hans, myndskurður og myndbygging er afar einhæf í þessum verkum. Í forgrunni gjarna kjarr eða vatn og í bakgrunni fjall eða jökull, sem ber við heiðan himin eða skýjaðan eftir atvikum. Þetta er endurtekið í mynd eftir mynd á svipaðan máta.

Það væri samt sem áður ekki raunhæf lýsing að segja að Magnúsi gangi það eitt til að „dokumentera" sérkennilega staði á landinu, heldur eru það fremur blæbrigði birtunnar í náttúrunni sem hann leggur áherslu á, mýkt hennar og harka sem hann gjarnan teflir saman. Verk hans hafa á stundum ljóðrænan þokka en eru fremur tilþrifalítil þegar á heildina er litið.

Ólafur Kvaran